


# Horfur í efnahagsmálum 2017-2019

Vorspá ASÍ



Alþýðusamband Íslands



# Helstu atriði





- ASÍ spáir áframhaldandi kröftugum hagvexti á þessu ári nú þegar uppsveiflan nær hámarki en ákveðin hættumerki eru til staðar.
  - Óvissa hefur aukist frá síðustu spá og efnahags- og verðlagshorfur verulega háðar þróun ferðaþjónustunnar og gengis krónunnar.
- Heimilin munu auka neyslu yfir spátímann og vöxtur þjóðarútgjalda ýtir undir aukinn innflutning ...
  - ... á móti hægir á fjármunamyndun og vexti útflutnings á spátímanum.
- Viðvörðunarbjóllur hringja á húsnæðismarkaði og hætta er á því að bóla geti myndast.
  - Mikilvægt að bregðast við með langtímalausnum, t.d. með því að stórefla uppbyggingu á öruggu leiguhúsnæði.
- Úrskurður kjararáðs hefur sett vinnumarkaðinn í uppnám og óvissa þar hefur aukist.
- Sterkt gengi krónunnar veldur áhyggjum og er farið að þrengja að samkeppnisstöðu útflutningsgreina.
- Hverjar eiga áherslurnar að vera í ríkisfjármálum?
  - Teljum of mikið aðhald sýnt á útgjaldahliðinni á meðan skattar hafa verið lækkaðir.
  - Hætt er við að ríkissjóður verði í þröngri stöðu til að bregðast við áföllum í efnahagslífinu.

# Spá hagdeildar ASÍ



Hlutfallsleg breyting	ma.kr. 2016	2016	Spá		
			2017	2018	2019
Einkaneysla	1.187,1	6,9	7,2	5,7	3,8
Samneysla	559,2	1,5	1,8	1,5	1,2
Fjármunamyndun	514,4	22,7	13,5	3,1	6,3
Þar af atvinnuvegir	367,6	24,7	9,2	-0,3	1,3
Þar af húsnæði	80,7	33,7	26,6	19,3	22,6
Þar af hið opinbera	66,0	2,5	9,5	1,6	10,8
Þjóðarútgjöld	2.263,1	8,7	7,2	4,1	3,8
Útflutningur	1.189,3	11,1	6,6	4,3	3,9
Innflutningur	1.030,4	14,7	9,6	6,3	4,9
<b>Landsframleiðsla</b>	<b>2.422,0</b>	<b>7,2</b>	<b>5,9</b>	<b>3,3</b>	<b>3,4</b>
Verðbólga <sup>1</sup>		1,7	1,9	2,4	2,6
Atvinnuleysi <sup>2</sup>		2,3	1,8	1,9	2,2
Gengisvísitala <sup>3</sup>		180	160	153	150
Vöru- og þjónustujöfnuður <sup>4</sup>		6,6	4,9	5,1	4,8


<sup>1</sup> Breyting milli ársmeðaltala, neysluverðsvísitala

<sup>2</sup> Skráð atvinnuleysi, hlutfall af áætluðum mannafla

<sup>3</sup> Ársmeðaltal

<sup>4</sup> Hlutfall af landsframleiðslu

# Hagvöxtur




Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

# Verðlagshorfur verulega háðar gengisþróun




- Spáum 1,9% verðbólgu á þessu ári og 2,4% á því næsta.
- Þróun gengis krónunnar, húsnæðisverð og áhrif úrskurðar kjararáðs auka óvissu um verðlagsþróun.
- Væntum styrkingar krónunnar yfir spátímabilið en hægari styrking síðari hluta spátímans eykur verðbólguþrýsting og að óbreyttu verður verðbólga um 3% í lok árs 2019.

## Gengisvísitala krónunnar



## Gengisvísitala krónunnar




Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

# Ævintýralegur vöxtur ferðaþjónustunnar á stóran þátt í núverandi uppsveiflu




- Teljum að ferðamönnum muni fjölga á spátímanum en óhjákvæmilegt er að hægja muni á vextinum á næstu árum.
- Ísland er orðið með dýrustu áfangastöðum í heimi og því reynir á greinina að aðlagast breyttum aðstæðum og bjóða upplifun sem stenst væntingar ferðamanna.
- Sú sviðsmynd er þó einnig fyrir hendi að fjölgunin sé vanmetin og að alþjóðlegur vöxtur ferðaþjónustu og aukin ásókn í flug til og gegnum Ísland hafi meiri áhrif en neikvæðu áhrifin af styrkingu krónunnar.
- Teljum eðlilegt að ferðaþjónustan sé færð í almennt þrep virðisaukaskatts en á móti þarf að stórauka innviðauppbyggingu víða um land og stuðla að meiri dreifingu ferðamanna.

Útflutningur – Breyting milli ára



Brottfarir erlendra ferðamanna á mánuði - meðaltal






# Minni fjárfesting atvinnuveganna en meiri íbúðafjárfesting og opinber fjárfesting



- Fjárfestingaumsvif verða mikil og fjármunamyndun um 22% af VLF á spátímanum.
- Fjárfesting atvinnuveganna dregst saman en aukin íbúðafjárfesting og opinber verkefni halda uppi fjárfestingastiginu ...
- ... og þar með áframhaldandi vinnuaflseftirspurn.

Fjármunamyndun



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

Spá 2017  
Spá 2018  
Spá 2019




# Hverjar eiga áherslurnar að vera í ríkisfjármálum?




- Teljum of mikla áherslu hafa verið lagða á skattalækkanir undanfarin ár.
  - Aðgerðirnar hafa kallað á aukið aðhald á útgjaldahliðinni og þar með takmarkað svigrúm hins opinbera til uppbyggingar nauðsynlegra samfélagsinnviða.
  - Aðgerðirnar hafa illa tímasettar m.t.t. stöðu hagsveiflunnar.
  - Aðgerðirnar hafa veikt sjálfvirka sveiflujöfnun og takmarka getu ríkissjóðs að bregðast við efnahagslegum áföllum síðar meir.

Opinber fjárfesting



Samneysla -Breyting milli ára






# Áhætta og óvissuþættir



# Óvissuþættir til staðar



- Við væntum þess að gengi krónunnar styrkist yfir spátímann og stuðli þannig að stöðugu verðlagi á spátímabilinu.
  - Áhyggjuefni hversu hratt verðbólga eykst þegar hægir á styrkingu krónunnar.
  - Verðlagshorfur því háðar þróun gengis krónunnar.
- Ferðaþjónustan er á ákveðnum krossgötum og þó að við spáum áframhaldandi en hægari vexti þá þyrftu stjórnvöld að skoða fleiri sviðsmyndir um þróun fjölda ferðamanna.
  - Þekkjum ekki lengri tíma þol ferðamanna fyrir sterkri krónu.
  - Neikvæðar sviðsmyndir, þar sem fjöldi ferðamanna myndi dragast saman fælu í sér veruleg áhrif á fasteignamarkað, fjölda starfandi og verðlag.
- Ævintýraleg fjölgun ferðamanna hefur sett þrýsting á aðrar atvinnugreinar, með áhrifum á gengi krónunnar, samkeppnisstöðu og aukna vinnuafseftirspurn.



**Hagur heimilanna**




# 6,9% vöxtur einkaneyslunnar á síðasta ári




- Heimilin hafa nú svigrúm til að endurnýja varanlegar neysluvörur og hafa verið að auka útgjöld til kaupa á munaðarvörum.
- Utanlandsferðir og stórkaup jukust á síðasta ári, þar af ökutækjakaup um þriðjung.

Einkaneysla - Ársvöxtur 2016



# Próun launa og ráðstöfunartekna hefur verið hagfelld




Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabankinn

# Jákvætt að heimilin hafi nýtt aðstæður til að greiða niður skuldir í auknum mæli




- Húsnæðiseigendur hafa einnig nýtt aðstæður til að endurfjármagna eldri lán og hlutdeild lífeyrissjóða í íbúðalánnum hefur stóraukist.
- Fylgjast þarf með skuldastöðu yngri hópa, sérstaklega þeirra sem eru að koma inn á húsnæðismarkað.
- Yfirdráttarlán hafa dregist saman undanfarið og skuldastaða ber þess merki að útgjöld aukist af meiri varúð en oft áður.

## Ný íbúðalán



Heimild: Seðlabanki Íslands

## Skuldir heimila sem hlutfall af VLF




Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands.




# Heimilin eru bjartsýn og hyggja á frekari stórkaup og utanlandsferðir



- Væntingavísitala Gallup var 125 stig í upphafi árs og svipuð og á árunum 2004-2005.
- Væntingar okkar sex mánuði fram í tímann eru hins vegar bjartari en á þeim tíma.
- Vísitölur fyrirhugaðra bifreiðakaupa, utanlandsferða og stórkaupa hafa hækkað undanfarið.



Heimild: Gallup, Hagvísar Seðlabanka Íslands




Heimild: Gallup, Hagvísar Seðlabanka Íslands

# Rými til aukinnar neyslu yfir spátímann



- Við spáum 7,1% vexti einkaneyslunnar á þessu ári, 5,7% á því næsta og 3,7% árið 2019.
- Einkaneyslan er orðin meiri en í síðustu uppsveiflu en þó ekki úr takti við þróun launa og ráðstöfunartekna.

Einkaneysla - Breyting milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ



# Húsnæðismarkaður




# Húsnæðisverð sjaldan verið hærra í hlutfalli við annað verðlag




- Húsnæðisverð hefur hækkað um 17,8% undanfarna 12 mánuði.
- Markaðurinn tók kipp síðasta haust og hefur húsnæðisverð hækkað um 8% frá því við gáfum út síðustu hagspá í október ...
- ... nú hækkar húsnæðisverð mun hraðar en laun og byggingarkostnaður.

Raunverð húsnæðis



Húsnæðisverð í hlutfalli við laun og byggingarkostnað




# Aukinn hækkunartaktur er merki um að byrjað sé að hitna undir húsnæðismarkaði



- Fram á síðasta ár var þróunin í takt við hefðbundna ákvörðunarþætti húsnæðisverðs.
- Bætt fjárhagsstaða heimilanna ásamt hagstæðum lánakjörum hafa aukið kaupgetu heimilanna.
- Á meðan uppsöfnuð eftirspurn eftir hrun, fjölgun ferðamanna og búferlaflutningar hafa fjölgað kaupendum.

Þróun húsnæðisverðs




Heimild: Hagstofa Íslands

# Ljóst að húsnæðisskortur hefur haft veruleg áhrif á verðmyndun



- Auglýstar eignir hafa aldrei verið færri á skrá ...
- ... og meðalsölutími hefur aldrei verið skemmri.
- Dæmum fjölgar þar sem eignir seljast yfir ásettu verði.
- Ljóst að aðstæður sem þessar geta ýtt undir bóllumyndun á húsnæðismarkaði...
- ...og óhóflegar væntingar um þróun húsnæðisverð.

Fjöldi auglýstra eigna og meðalsölutími



Heimild: Seðlabanki Íslands




# Óþroskaður leigumarkaður setur þrýsting á eftirspurn eftir húsnæði




- Húsnæðismarkaðurinn tók breytingum við hrunið þegar leigjendum fjölgaði. Leigjendur eru yfir fimmtungur þeirra sem eru á húsnæðismarkaði.
- Mest er aukningin í yngri aldurshópum og hjá tekjulágum sem ekki geta keypt.
- Ennfremur hefur hlutfall ungs fólks í foreldrahúsum aukist verulega.

Hlutfall leigjenda



Heimild: Hagstofa Íslands

Hlutfall ungs fólks í foreldrahúsum



Heimild: Hagstofa Íslands




# Íþyngjandi húsnæðiskostnaður leigjenda hvetur til þess að fólk yfirbjóði fasteignir




- Lág greiðslubyrði verðtryggðra lána hvetur til skuldsettra húsnæðiskaupa þar sem greiðslubyrði er lægri en leigukostnaður.
- Þeir sem eiga ekki fyrir útborgun eða standast ekki greiðslumat, þ.e. tekjulágir og ungt fólk, sitja eftir á erfiðum og óöruggum leigumarkaði með íþyngjandi húsnæðiskostnað.

## Húsnæðiskostnaður



Heimild: Hagstofa Íslands

## Íþyngjandi húsnæðiskostnaður




Heimild: Hagstofa Íslands

# Ólíklegt að íbúðafjárfesting ein og sér geti slegið á hækkanir í náninni framtíð




- Spáum töluverðum umsvifum í íbúðafjárfestingu yfir spátímann þ.á.m. 27% vexti á þessu ári og um 20% vexti á árunum 2018-2019.
- Markaðurinn verður farinn að mæta eftirspurn í lok spátímans í magni en óvíst hvort nóg verði byggt af smærri eignum?

## Framboð íbúða




Heimild: Hagstofa Íslands

## Íbúðafjárfesting - Breyting milli ára



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ



Heimild: Hagstofa Íslands og Spá ASÍ

# Hvað er til ráða á húsnæðismarkaði?



- Aukið framboð eitt og sér ekki langtímalausn.
- Mikilvægt er að tryggja tekjulágum öruggt leiguhúsnæði og gera leiguhúsnæði að raunverulegum valkosti í búsetu. Kostnaður við leigu er of hár í hlutfalli við kostnað við eign.
- Nauðsynlegt er að hraða uppbyggingu leiguíbúða í nýja Almenna íbúðakerfinu þar sem um 600 íbúðir á ári eru á áætlun 2016-2019.
- Uppbygging öruggs leigumarkaðar er besta leiðin til að stuðla að lengri tíma jafnvægi á húsnæðismarkaði.
  - Leigumarkaður þá til staðar til að taka við eftirspurn þegar raunverð húsnæðis hækkar hratt.
- Hins vegar þarf einnig að skoða úrræði sem draga úr eftirspurn til skemmri tíma.
  - Er til staðar spákaupmennska með húsnæði?
  - Hugmyndir ÍLS um auknar eiginfjárkröfur við kaup á fleiri en einni eign.
  - Þarf að takmarka leigu til ferðamanna?



# Vinnumarkaður




# Vinnumarkaður á svipuðum stað og í hápunkti síðustu uppsveiflu




- Enn dregur úr atvinnuleysi sem mældist 3% árið 2016.
- Mjög dregur úr langtímaatvinnuleysi, en um 9% atvinnulausra höfðu verið án atvinnu lengur en tólf mánuði á síðasta ári.
- Vinnuaflseftirspurn hefur aukist yfir allar árstíðir og í öllum landshlutum.
- Ferðaþjónustan á þar stóran þátt.
- Teljum að atvinnuleysi verði lágt yfir spátímann.

Atvinnuleysi



Heimild: Hagstofa Íslands

Langtímaatvinnuleysi



Heimild: Hagstofa Íslands




# Atvinnuþátttaka orðin meiri en í síðustu uppsveiflu




- Mikil aukning atvinnuþátttöku kvenna frá síðustu uppsveiflu í öllum aldurshópum nema 55-74 ára.
- Atvinnuþátttaka karla á aldrinum 25-55 ára mælist minni en árið 2007.
- Atvinnuþátttaka ungs fólks hefur aukist verulega hjá báðum kynjum.

Atvinnuþátttaka



Heimild: Hagstofa Íslands

Atvinnuþátttaka



Heimild: Hagstofa Íslands




# Áfram fjölgar á vinnumarkaði




- Skortur á starfsfólki mælist enn víða og aukin íbúðafjárfesting mun enn auka þörfina.
- Er fjölgun starfa vanmetin?
  - Vinnustaðaeftirlit greinir aukinn fjölda starfandi einstaklinga sem hvergi eru skráðir.
- Vinnustundum hefur lítið fjölgað.
  - Kjósum við meiri frítíma en áður?
  - Mælist fjölgun vinnustunda að öllu leyti í vinnumarkaðskönnun Hagstofunnar?

### Fjöldi starfandi



Heimild: Hagstofa Íslands

### Vinnutími




Heimild: Hagstofa Íslands

# Erlent starfsfólk mætt miklum hluta af aukinni vinnuafseftirspurn síðustu ára



- Aðfluttum Íslendingum fjölgaði á síðasta ári, brottfluttir voru þó enn fleiri.
- Teljum að aukin mannvirkjagerð kalli á áframhaldandi fjölgun erlends starfsfólks
- Hátt í 11 þúsund erlendir ríkisborgarar aðfluttir umfram brottflutta á árunum 2010-2016.
  - Mikill fjöldi flyst hins vegar ekki búferlum hingað en starfar hér til skamms tíma á vegum starfsmannaleiga og þjónustufyrirtækja.


**Búferlaflutningar á ársfjórðungi (Aðfluttir umfram brottflutta)**



# Erlent starfsfólk aldrei stærri hluti af íslenskum vinnumarkaði



Samsetning vinnumarkaðar eftir þjóðerni



Heimild: Vinnumálastofnun

# Samantekt



- Efnahagsleg umsvif fara vaxandi yfir spátímann og þó það hægi nokkuð á hagvextinum eru ákveðnir óvissuþættir til staðar.
  - Úrskurður kjararáðs mun hafa áhrif á kjaraviðræður á næstu misserum.
  - Fylgjast þarf grannt með stöðu á húsnæðismarkaði þar sem aðstæður gætu ýtt undir bóllumyndun.
  - Slæmar aðstæður á leigumarkaði ýta enn frekar undir hækkun húsnæðisverðs, mikilvægt að bregðast við með fjölgun leiguhúsnæðis.
  - Ferðamönnum fjölgar en líklegt að það hægi á fjölguninni.
- Þó það hægi á hagvexti verður áfram mikil þörf fyrir erlent starfsfólk, sérstaklega við íbúðabyggingar.
  - Lítil tölfræði til staðar til að áætla fjölda erlendra starfsmanna sem eru hér á landi til skamms tíma.

**Takk fyrir**



Alþýðusamband Íslands